

Námsgrein: Íslenska

6. bekkur

Tímafjöldi á viku: 6,5 kennslust.

Kennari: Guðrún Sædís Harðardóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Leitast er við að gera nemendur meðvitaða um tungumálið og mikilvægi þess að vanda sig við ritun og lestur. Lögð verður áhersla á að málfræðikunnátta nýtist við ritun og er þannig mikilvægur þáttur í náminu.

Lestur er stór þáttur, bæði yndislestur og upplestur þar sem þjálfuð verður framsögn.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur náí sem bestri færni í lestri og ritun
Sjálfbærni	Nemendur takist á við ýmis álitamál og ágreiningsmál í lesnum textum
Heilbrigði og velferð	Jákvætt andrúmsloft skapað til íslenskunnar þannig að öllum líði vel við vinnuna
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun í tengslum við lestur og verkefnavinnu. Lýðræðisleg vinnubrögð verði viðhöfð þar sem sjónarmið allra fái að njóta sín.
Jafnrétti	Nemendur fái verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti.
Sköpun	Umræður um ólíka texta verði til þess að nemendur myndi sér sjálfstæðar skoðanir. Ritunarverkefni og hópaverkefni verði markvisst notuð með sköpunarferli í huga, s.s. þemaverkefni

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Íslensk málfræði, stafsetning og ritun	Orðspor 2 Smellur 2 Málfræðihefti -Nafnorð -Lýsingarorð	Stafrófsröð Að nemendur: -þjálfí stafrófsröðina og átti sig á mikilvægi og þægindum af því að kunna hana Nafnorð Að nemendur:	-Matsverkefni sem fylgja námsefninu -Símat og umsögn á vinnu í verkefnabók -Mat á hópavinnu

	-Sagnorð	-rifji upp einkenni nafnorða og átti sig á stöðu þeirra í tungumálinu Lýsingarorð Að nemendur: -læri um einkenni lýsingarorða og stöðu þeirra í tungumálinu Sagnorð Að nemendur: -læri um einkenni sagnorða og stöðu þeirra í tungumálinu Notkun málsins Að nemendur: - skoði notkunarmöguleika íslenskunnar frá ýmsum hliðum, m.a. með fjölbreyttum ritunarverkefnum, orðaleikjum, krossgátum, krossglímum, spurningakeppnum og fleiri viðfangsefnum	
Fjölbreyttir bókmenntatextar lesnir, ræddir og verkefni unnin út frá umræðum	Söguskinna Fólkið í blokkinni	Að nemendur: -lesi/hlusti á bókmenntatexta sér til gagns og ánægju -taki þátt í umræðum og geti rökstutt skoðun sína -þekki nokkur hugtök bókmenntafræðinnar	-Umsögn þar sem vinna tímabilsins er metin. -Hópverkefni unnið úr Fólkið í blokkinni -vinnubók úr Fólkið í blokkinni og verkefni úr Söguskinnu.
Lestur – lesskilningur og yndislestur	Fjölbreytt lesefni – námsefni og efni valið af nemendum	Að nemendur: -lesi sér til gagns og ánægju -þjálfí ólíkar lestraraðferðir og kunni að beita þeim við ólíkar aðstæður	-Lesfimiþróf (hraða- og framburðarþróf) samkvæmt viðmiðum og lestrarstefnu skólans -Orðarún - lesskilningsþróf
Ritun	-Frjáls og stýrð ritun í dagbók. - Lestrardagbók	Að nemendur geti: -skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd. -	-Dagbók nemenda metin og umsögn gefin.

		samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. -beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hafi náð valdi á þeim.	
--	--	--	--